

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



Akureyri, 6. febrúar 2019  
Tilvísun: 2016080025  
HA/  
Tilv. ykkar:

## Efni: Svartagilsnáma (A-15) í Berufirði í Djúpavogshreppi, könnun á matsskyldu

Vegagerðin tilkynnir hér með framkvæmd í Djúpavogshreppi. Fyrirhugað er að taka efni úr opinni námu, Svartagilslæk (A-15) í landi Hvannabrekku í Berufirði, vegna fyrirhugaðra vegaf framkvæmda á Hringvegi (1) um Berufjörð. Náman er fast við Hringveg (1) um Berufjörð og er á aðalskipulagi Djúpavogshrepps þar sem hún ber heitið A-15 Svartagilslækur.

Við mat á umhverfisáhrifum Axarvegar, Hringvegar um Skriðdal og Hringvegar um Berufjarðarbotn frá árinu 2011, var miðað við að teknir yrðu allt að 90.000 m<sup>3</sup> á 59.000 m<sup>2</sup> svæði úr námu A-15 í Svartagilslæk.

Um er að ræða breytingu á áður kynntri framkvæmd samkvæmt 6 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000 m.s.br. Því fyrirhugað mannvirki er tilgreint í flokki B í 1. viðauka.

- Framkvæmdin fellur undir lið 13.02 í viðauka 1: *Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A, aðrar en tilgreindar eru í tölulið 13.01, og flokki B sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.*

Við framkvæmdir á Hringvegi (1) um Berufjörð varð ófyrirséð sig á vegfyllingum og því varð þörf á meira efni úr Svartagilslæk (A-15) en kom fram við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og umsókn um framkvæmdaleyfi. Vegna óvissunnar sem skapaðist vegna sigsins, var því miður ekki gætt að því að kanna matsskyldu vegna aukinnar efnistöku úr námumni. Þann 9. nóvember 2018 höfðu verið teknir 235.000 m<sup>3</sup> af efni úr námumni á 93.660 m<sup>2</sup> svæði. Þar af var magnaukning vegna sigs um 80-90.000 m<sup>3</sup>.

Gert er ráð fyrir að það vanti allt að 49.000 m<sup>3</sup> af efni til viðbótar og verður efnistakan þá samtals allt að 284.000 m<sup>3</sup> á allt að 96.000 m<sup>2</sup> svæði vegna lagningar Hringvegar um Berufjörð. Aukin efnistaka verður að mestu innan svæðis sem þegar hefur verið raskað. Áætlanir eru um að raska 2.300 m<sup>2</sup> utan þess svæðis sem þegar hefur verið raskað en það er nauðsynlegt vegna viðbótar efnistöku og frágangs á námusvæðinu (teikning 4).

Samkvæmt þessu er Vegagerðin búin að taka 145.000 m<sup>3</sup> af efni umfram þá 90.000 m<sup>3</sup> sem umhverfismatið miðaðist við. Vegagerðin hefði átt á sínum tíma að tilkynna þessa efnistöku til Skipulagsstofnunar, sbr. tölul. 2.03 og 13.02 í matslögunum.

Í samskiptum við Skipulagsstofnun kom fram að stofnunin telur vinnubrögð Vegagerðarinnar ámælisverð og kemur þeirri ábendingu á framfæri að þess verði gætt að í framtíðinni verði


Skipulagsstofnun tilkynnt um breytingar sem verða á framkvæmd sem hefur undirgengist mat á umhverfisáhrifum, s.s. efnistökmagni mun fyrir en reyndin er í þessu máli.

Vegagerðin er sammála Skipulagsstofnun og mun í framtíðinni reyna að koma í veg fyrir að svona mistök eigi sér stað.

Áætlanir eru um að efnið verði tekið á árinu 2019. Að loknum vegaf framkvæmdum á svæðinu eru áætlanir um að loka námunni og ganga frá henni. Hún verður þá mótuð í samræmi við aðliggjandi landslag og grædd upp í samráði við landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Vegagerðin telur að efnistakan hafi óveruleg áhrif á náttúrufar, landslag, ásýnd, verndargildi, jarðmyndanir og fornleifar. Meðfylgjandi er kynningarskýrsla í 6 eintökum þar sem fjallað er um efnistökkuna og möguleg áhrif hennar á umhverfið.

Virðingarfyllst,

  
\_\_\_\_\_  
Helga Aðalgeirsdóttir